

## Aðalfundur VR haldinn á Hilton Hótel Nordica, miðvikudaginn 27. apríl 2011

Formaður félagsins, Kristinn Örn Jóhannesson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á þessu 120 ára afmælisári félagsins.

Dagskrá aðalfundar VR skv. 24 gr. félagslaga.

### 1. Kosning fundarstjóra

Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR

### 2. Kosning ritara

Jóhanna S. Rúnarsdóttir, ritari stjórnar VR og gjaldkeri Ölgerðarinnar hf.

### 3. Skýrsla um störf félagsins

Formaður félagsins, Kristinn Örn Jóhannesson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar starfsárið 2010 – 2011. Hann sagði að mikill samdráttur hefði verið á vinnumarkaðinum á árinu 2008 og 2009 sem hefði haft mikil áhrif á starfsemi og afkomu félagsins. Á árinu 2008 hefði verið metár í fjölda félagsmanna en á árinu 2009 fækkaði þeim um 700. Árið 2010 virðist sem botninum hefði verið náð en nú fari félagsmönnum aftur fjölgandi og standi þeir nú í 28.300 en voru 28.065 árið 2009. Sagði hann að með fækkun félagsmanna, launalækkunum og auknu atvinnuleysi hefðu tekjur félagsins minnkað og félagið verið rekið með halla árið 2009. Á árinu 2010 hefði þó orðið góður viðsnúningur í rekstri félagsins og jukust tekjur um 5.8% frá fyrra ári eða 106 milljónir.

Kristinn Örn vakti athygli á stöðu vinnudeilusjóðs í ljósi aðstæðna og sagði að hann væri í dag um 1 milljarður en ekkert hefði verið greitt inn í sjóðinn undanfarin ár því ávöxtun sjóðsins hefði verið færð inn í félagssjóð og hann því rýrnað að raungildi. Hvatti hann nýja stjórn til að huga betur að málefnum sjóðsins í framtíðinni.

Stjórnarfundir voru 19 á síðasta ári en voru 25 árið þar á undan og 7 fundir voru haldnir í trúnaðarráði. Mikill tími og kostnaður var lagður í undirbúning að heildstæðum breytingum á lögum félagsins sem lagðar voru fram á síðasta framhaldsaðalfundi í janúar 2011 en Kristinn sagði að sú vinna hefði verið afvegaleidd og breytingum verið hafnað að mestu leyti. Sagði hann að lagavinnan hefði farið vel af stað en ljóst er að þeirri vinnu þurfi að halda áfram í ljósi fyrri niðurstöðu en ákveðnar lagfæringar liggja þegar fyrir á þessum fundi til afgreiðslu.

Stjórn VR ákvað að viðhafa þjóðfundarfyrirkomulag í stefnumótun og kröfugerð fyrir félagið sem mæltist vel fyrir. Notast var við niðurstöðu þessara funda í undirbúningi að kröfugerð félagsins í yfirstandandi kjarasamningsviðræðum á hendur viðsemjendum. Kjarasamningar hafa þó ekki náðst enn sem eru vonbrigði og hefur deilu þegar verið vísað til sáttasemjara.

Kristinn Örn sagði að VR væri í sífelldri endurskoðun með uppbyggingu í huga og hefði sterka sjóði. Í tengslum við 120 ára afmæli félagsins hefði stjórn félagsins ákveðið að leggja til 120 milljónir króna sem hluta af afmælisgjöf til uppbyggingar á orlofssvæði félagsins í Miðhúsaskógi en framkvæmdir væru þegar hafnar við nýtt tjaldstæði á svæðinu. VR er einnig leiðandi í uppbyggingu á upplýsingakerfum en nú sé verið að hanna launaþróunarvél í þeim tilgangi að afla félagsmönnum betri aðgengi og upplýsingar um t.d launamun kynja eftir starfsgreinum og fyrirtækjum í rauntíma svo eitthvað sé nefnt.

Kristinn Örn sagði að lokum að hann myndi láta af störfum í kvöld sem formaður og nýr tæki við. Sagði hann að mikil vinna væri framundan hjá nýjum formanni en hann myndi njóta góðs styrks frá sviðstjórumog starfsfólki félagsins. Þakkaði hann VR félögum kosninguna fyrir 2 árum og óskaði nýjum formanni og stjórn velfarnaðar í starfi.

Að öðru leyti vísast til sérprentaðrar skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á árinu.

#### 4. Reikningar félagsins

Helga Árnadóttir, sviðsstjóri rekstrar-og fjármálsviðs VR, gerði grein fyrir reikningum félagssjóðs, sjúkrasjóðs, orlofssjóðs og VR varasjóðs. Rekstarafkoma félagsins á árinu 2010 var mjög jákvæð en hún nam 661 milljónum króna miðað við 341 milljón króna árið 2009. Þessi hækkun skýrist að mestu í auknum tekjum af iðgjöldum sem hækkuðu á milli ára vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Þá voru útgreiðslur úr sjúkra-og varasjóði félagsins 165 milljónum króna lægri en árið á undan og bendir allt til þess að jafnvægi sé komið á hvað varðar ásókn í sjóði félagsins eftir mikla aukningu í kjölfar hrunsins í október 2008.

Fjármagnstekjur hækka verulega en fjármunatekjur félagsins námu 557 milljónum króna en það er aukning um 160 milljónir króna á milli ára. Raunávöxtun félagsins var 5,79%.

Fjárfestingarstefnu félagsins var breytt eftir hrun í samræmi við breyttar áherslur og er hún mjög varfærin og gerð með hagsmuni félagsmanna í huga sem er að skila félaginu góðum ávinningi. Reikningar félagsins eru yfir áætlun og að mati Helgu er afkoman vel við unandi og langt umfram væntingar.

Reikningar félagsins eru birtir í ársskýrslu félagsins.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins en benti á að fyrir liggi tillaga stjórnar um framlag í varasjóð upp á kr. 500.000,- sem verður borin upp eftir umræður.

Hildur Mósesdóttir las upp bókun sem lögð var fram á stjórnarfundi af 5 stjórnarmönnum 13.apríl 2011 sem skýrði ástæðu þess að hluti stjórnar skrifaði ekki undir ársreikning félagsins.

Bókunin er eftirfarandi:

#### **Bókun lögð fram á stjórnarfundi 13 apríl 2011.**

„Við undirrituð sjáum okkur ekki fært að samþykkja ársreikninga VR vegna ársins 2010 þar sem formaður Kristinn Örn Jóhannesson hefur viðhaft ámælisverð vinnubrögð við upplýsingagjöf okkur til handa. Fyrirspurnum var ekki svarað, umbeðin gögn ekki afhent jafnvel komið í veg fyrir að starfsfólk afhendi stjórnarmönnum umbeðin gögn sem stjórn var búin að samþykkja að stjórnarmaður fengi. Einnig hafa svör við fyrirspurnum verið með öllu ófullnægjandi.

Starfsfólk VR hefur sýnt áhyggjum okkar vegna málsins mikinn skilning og reynt eftir fremsta megni að leysa málin en formaður félagsins hefur komið í veg fyrir það og ber því einn ábyrgð á málinu.

Teljum við þar af leiðandi okkur ekki geta sinnt eftirlitsskyldum okkar sem stjórnarmenn. Munum við því ekki skrifa undir ársreikning félagsins vegna 2010.

Hildur Mósesdóttir (Sign)  
Jóhanna S Rúnarsdóttir (Sign)  
Óskar Kristjánsson (Sign)  
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (Sign)  
Ragnar Þór Ingólfsson (Sign) ”

Rannveig Sigurðardóttir gerði athugasemd við skýrslu formanns/stjórnar þar sem henni fannst orðalag Kristins Arnar um að lagavinna stjórnar hefði verið afvegaleidd á síðasta framhaldsaðalfundi félagsins. Fór hún fram á afsökunarbeiðni frá formanni þar sem hann hefði gert lítið úr þeirri lagavinnu sem yfir 190 félagsmenn samþykktu. Einnig óskaði hún eftir niðurstöðu úr stefnumótunarvinnu sem fór fram í félaginu á síðasta ári og kallaði eftir því að nefndarmenn fengju einhver gögn.

Kristinn Örn svaraði Rannveigu því að hann hafi sína skoðun sem er önnur en hennar og standi því við fyrri orð um lagabreytingarvinnuna. Svaraði hann einnig Hildi um að ársreikningar félagsins sýndu rétta mynd af starfsemi félagsins og vísaði bókun sem lögð var fram á umræddum stjórnarfundi til föðurhúsanna.

Fundarstjóri bar þá upp eftirfarandi tillögu um framlag í VR varasjóð:

Aðalfundur VR, sem haldinn er að Hilton Hótel Nordica, miðvikudaginn 27. apríl 2011, samþykkir að framlag ársins 2010 í varasjóð félagsins verði samtals um kr. 500.000.000,- Til viðbótar er lagt til

viðbótarframlag kr. 14.890.941 vegna ársins 2009. Framlagið er fært í ársreikningi sem tekjur hjá VR varasjóði og til lækkunar á iðgjöldum í orlofs-og sjúkrasjóði

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar þá upp ársreikning og reikninga félagsins fyrir árið 2010 til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

## 5. Skýrsla um Lífeyrissjóð verzlunarmanna

Tómas Möller, lögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, skýrði reikninga og afkomu liðins árs. Benti hann félagsmönnum á vef sjóðsins sem hefur verið endurnýjaður og að allar upplýsingar séu þar að finna auk annars fróðleiks um sjóðinn.

Afcoma lífeyrissjóðsins var góð á árinu 2010 og er að ná aftur fyrri styrk eftir áföll sem dundu á í-Íslensku efnahagslífi árið 2008. Eignir til greiðslu lífeyris námu 310 miljörðum króna í árslok 2010 samanborið við 283 miljörða árið áður. Allir eignaflokkar sjóðsins skiluðu jákvæðri ávöxtun árið 2010 og er áhættudreifing safnsins góð og samsetning þess traust. 30% af eignum sjóðsins eru í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 28% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 12% í safni sjóðfélagalána og önnur skuldabréf eru samtals 13% af eignum og 13% í bankainnistæðum. Innlend hlutabréfaeign jókst nokkuð á árinu og nemur nú 4% af eignum sjóðsins Það styrkir eignasafn sjóðsins að þriðjungur eigna er í dreifðu safni erlenda verðbréfa. Við gildandi gjaldeyrishöft eru möguleikar takmarkaðir að nýta slíka áhættudreifingu en aðgerðir sem styðja við afnám gjaldeyrishafta í náinni framtíð eru því mikið hagsmunamál sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Nafnávöxtun á árinu 2010 var 6,1% sem samsvarar 3,4% hreinni raunávöxtun en þetta er mun betri ávöxtun en árið á undan, en hún nam þá 1,1%. Þessi árangur er því nær jöfn þeirri ávöxtun sem gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegu uppgjöri sjóðsins sem var -3,4% í árslok 2010. Þetta þýðir að lífeyrisréttindi sjóðsfélaga verða ekki skert, en þau eru að fullu verðtryggð. Á síðasta ári var ekki hjá því komist að skerða áunnin réttindi um 10% vegna tryggingafræðilegra stöðu sjóðsins sem var á þeim tíma -10,8%.

Góða fjárfestingakosti innanlands verður æ erfiðara að finna sem uppfylla kröfur um öryggi og ávöxtun og eru því afnám gjaldeyrishafta og endurreisn efnahags- og atvinnulífs á meðal brýnustu verkefna samfélagsins næstu misserin.

Að öðru leyti vísast til sérprentaðrar skýrslu Lífeyrissjóðsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrsluna en sagði að skýrslan væri eingöngu til kynningar en ekki til samþykktar á fundinum.

Guðmundur Ingi Kristinsson sagði að hann hefði fyrir um ári síðan lagt inn fyrirspurn til Lífeyrissjóðsins varðandi kostnað við erlenda umsýslu í heild sinni í ljósi þess að yfirlýsingar væru frá sjóðnum um lágan kostnað. Sagðist hann hafa fengið svar frá sjóðnum nýlega og las hann upp bréfið fyrir fundinn. Gerði hann athugasemd um að engar tölur hefðu fylgt bréfinu um kostnað við erlenda umsýslu og því ekkert svar komið með umræddu bréfi.

Tómas Möller hafði lítið um málið að segja en sagði þetta mál hefði verið rætt á síðasta ársfundi sjóðsins. Sagði að óumdeilt væri að umtalsverður kostnaður fylgdi stóru eignarsafni erlendis en sagði að hann gæti ekki gefið honum frekari sundurliðun á kostnaði við erlenda umsýslu og vísaði á stjórn sjóðsins í þessu máli.

## 6. Lagabreytingar.

Fundarstjóri sagði að tvær tillögur um lagabreytingar hefðu verið lagðar fram í samræmi við 28. gr laga VR og væru því löglegar. Tillögur komu frá stjórn VR um 12., 14. og 20. gr lagana og Guðmundi Guðmundssyni félagsmanni VR um 20. gr laganna. Guðmundur féllst á að hans tillaga yrði breytingartillaga við áður framlagða tillögu um 20. gr. frá stjórn VR

Fundarstjóri Guðmundur B. Ólafsson lögmaður VR kynnti tillögur laganefndar um breytingu á lögum félagsins fyrir hönd laganefndar og fór yfir helstu atriði og hvers vegna þessar breytingar væru lagðar fram.

Tillögur eru merktar með rauðu í fundargerð.

### „Tillaga laganefndar VR að breytingum á lögum félagsins

#### 20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

##### 20.1. Um kosningu formanns og stjórnar

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

##### 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 40 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér. Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

##### 20.3. Um framkvæmd kosninga.

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins.

Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem álistanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kosning skal fara fram innan 4 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert. Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur meðal félagsmana með frambjóðendum eigi síðar en viku fyrir upphaf kjördags.

Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

#### **20.4 Um kjörseðla og röðun á lista.**

##### **Við kosningu til stjórnar :**

Ráða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrósröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

##### **Við kosningu til trúnaðarráðs :**

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal ráðað í stafrósröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum ráðað á kjörseðil í stafrósröð.

#### **12. gr. Störf stjórnar**

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því, er félaginu má verða til heilla Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

#### **14.gr.**

##### **2. mgr.**

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar,formenn deilda á Egilsstöðum og Vestmannaeyjum og 80 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn samtals 100 fulltrúar. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar eftir því sem þurfa þykir.

#### **Apríl 2011”**

Fundarstjóri fékk leyfi fundarins til að taka hverja grein fyrir sig og ákvað að byrja fyrst á 12 gr. í ljósi þess að breyta þyrfti öðrum greinum í samræmi við samþykktir fundarins.Las hann greinina upp til kynningar og umræðu.

## 12. gr. Störf stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því, er félaginu má verða til heilla Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

Fundarstjóri bar upp 12. gr. til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða

Fundarstjóri las því næst upp 14.gr. 2.mgr. til kynningar.

## 14.gr.

### 2. mgr.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, formenn deilda á Egilsstöðum og Vestmannaeyjum og 80 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn samtals 100 fulltrúar. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar eftir því sem þurfa þykir.

Fundarstjóri gaf orðið laust um 14 greinina.

Guðrún Erlingsdóttir, formaður deildar VR í Vestmannaeyja lagði fram breytingartillögu við gr.14.2 og gr.20.2 ásamt Kristínu Maríu Björnsdóttur, formanni deildar á Austurlandi. Sagði Guðrún að samningur hefði verið gerður um að stjórn VR skyldi stuðla að því að 3 manna stjórn deilda ætti fast sæti í trúnaðarráði.

Greinargerð og breytingartillagan í heild sinni:

### „Breytingartillaga við tillögu laganefndar um breytingu á 14 gr. á lögum félagsins

#### 14.gr.

##### 2. mgr.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar eftir því sem þurfa þykir.

Verði breytingartillaga við tillögu laganefndar í gr. 14 samþykkt breytist jafnframt **gr. 20.2**

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til trúnaðarráðs til tveggja ára í senn.

### Greinargerð með breytingartillögum við tillögum laganefndar

Í samningum sem gerðir voru við sameiningar VR og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja 2007 og síðan VR og Verslunarmannafélags Austurlands 2008 segir, **Stjórn VR mun stuðla að því að þriggja manna stjórn deildarinnar eigi sæti í Trúnaðarráði VR.**

Í samningi VR og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja segir, **Jafnframt skuldbindur VR sig til þess að taka stjórnkerfi sitt til endurskoðunar með formlegum hætti til að bæta aðkomu félagsmanna einstakra landssvæða að stjórnun félagsins ef af frekari samruna verður.**

Í 2. grein laga deildar VR í Vestmannaeyjum sem samþykkt var af stjórn VR segir um tilgang deildarinnar:



- a) Að ná fram og koma til skila afstöðu félagsmanna VR sem búsettir eru og starfandi í Vestmannaeyjum til þeirra mála er snúa að kjarasamningum og aðbúnaði félagsmanna á starfssvæðinu
- b) Að halda uppi félagsstarfi á svæðinu
- c) Að taka þátt í starfi hagsmunasamtaka á svæðinu og koma fram fyrir hönd félagsmanna.
- d) **Að taka þátt í starfi VR**

Það skiptir deildir VR á landsbyggðinni miklu máli að staðið verði við gerða samninga, og fulltrúar deildanna fái tækifæri til þess að taka þátt í félagslegu starfi VR. Í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í skipulagsmálum ASÍ er nauðsynlegt að stjórnkerfi VR sé tilbúið til fleiri sameininga ef áhugi félagsins til slíks stendur enn”

Rannveig Sigurðardóttir lagði fram breytingartillögu á 14.gr. 2. mgr. Hún vill að jafnræðis sé gætt og að vægi deilda eigi að vera í samræmi við stærð deilda en ekki heildarfjölda félagsmanna. Var hún ekki sátt við að starfsmenn deilda VR á landsbyggðinni væru með fast sæti í trúnaðarráði í ljósi þess að nýlega hafi öllum starfsmönnum VR verið hent út úr trúnaðarráði. Velti því upp hvort það væri kannski betra að leggja niður Landssamband verslunarmanna og stofna Landsfélag VR? Lagði hún til að breytingartillaga Guðrúnar og Kristínar yrði felld og óskaði eftir stuðningi við sína tillögu.

Greinargerð og breytingartillaga Rannveigar í heild sinni:

**„Breytingartillaga við breytingu laganeftar VR á lögum VR á aðalfundi félagsins á Nordica Hótel, miðvikudaginn 27.apríl 2011.**

Breytingartillaga við 14.gr.2. mgr.

**Er skv. laganeftar VR:**

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, formenn deilda á Egilsstöðum og Vestmannaeyjum og 80 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn samtals 100 fulltrúar.

**Breytingartillaga Rannveigar Sigurðardóttur:**

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, fulltrúar deilda á Egilsstöðum og Vestmannaeyjum kosnir í deildum og 80 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn samtals 100 fulltrúar.

Greinargerð: Eins og málin eru í dag, eru formenn deildanna á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum, starfsmenn VR. Öðrum starfsmönnum VR hefur verið úthýst úr trúnaðarráði skv. ákvörðun Kristins Arnar Jóhannessonar, því tel ég ekki réttmætt að aðeins tveir starfsmenn hafi leyfi til að vera í trúnaðarráði. Eitt skal yfir alla ganga. Rétt er að deildirnar eigi fulltrúa sem ekki eru starfsmenn VR”.

Kristinn Örn tók til mál undir þessum lið. Vill leggja fram stuðning við tillöguna frá landsbyggðar-deildinni. Sagði að samningur við deildirnar væri til staðar og vill að þeim verður tryggð aðkoma að trúnaðarráði félagsins.

Kristín María Björnsdóttir, formaður deildar VR á Austurlandi, tók til máls. Óskaði hún eftir því að það samkomulag sem samið var um varðandi aðkomu deilda að trúnaðarráði verði heiðrað. Benti jafnframt á að formenn deilda væru ekki bara starfsmenn VR heldur líka kjörnir formenn deilda. Í lögum félagsins segir að deildir eigi að koma að starfi VR en til þess þurfi að breyta lögum félagsins. Óskaði hún eftir stuðningi við framlagða tillögu og að horft yrði á hana með opnum huga.

Hildur Mósedóttir sagði að gaman væri hversu margir vildu vinna með VR. Henni finnst málið snúast meira um grundvallaratriði hvernig VR eigi að vera uppbyggt og vill ekki búa til mörg ríki í félaginu, landsbyggð gegn borginni. Velti hún því upp og spurði hvort VR ætti að vera landsfélag eða mörg félög? Vill frekar taka upp gamla lagið um val í trúnaðarráð þ.e spegilmýnd félagsmanna um kyn, aldur, starfsgrein o.s. frv.

Benóný Valur Jakobsson taldi að landsbyggðarfélagin ættu að eiga fulltrúa í trúnaðarráði og sagðist styðja tillögu Guðrúnar og Kristínar. Lagði hann jafnframt fram eftirfarandi breytingartillögu við 14. gr. 2.mgr:

„Formaður félagsins er formaður trúnaðarráðs og skal hann boða fundi a.m.k 4 sinnum á ári en oftast ef þörf þykir”.

Rannveig Sigurðardóttir rifjaði og las upp samninginn sem gerður var við félögin í Vestmannaeyjum og Austurlandi 2008.

Guðrún Erlingsdóttir svaraði Hildi varðandi deildir félaga og skýrði sitt mál betur. Sjö manns eru í dag í trúnaðarráði frá deildum en verða núna sex. Vonaði að fundurinn myndi samþykkja sína tillögu.

Sigurður Sigfússon lýsti yfir stuðningi við tillögu Guðrúnar og Kristínar þar sem samningur segir að stjórn VR skuli stuðla að samstarfi við deildir á landsbyggðinni.

Fundarstjóri lokaði svo fyrir mælendaskrá og bar allar tillögur upp til atkvæðagreiðslu í eftirfarandi röð.

Fundarstjóri bar upp breytingartillögu Guðrúnar og Kristínar um 14.gr. 2. mgr. til afgreiðslu þar sem hún gengur lengst.

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn”.

Tillagan samþykkt með meginþorra atkvæða.

Fundarstjóri las upp breytingartillögu Benóný á 14 gr. 2 mgr. og bara hana upp til afgreiðslu.

„Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári en oftast ef þurfa þykir”.

Tillagan samþykkt með meginþorra atkvæða. 2 á móti.

Fundarstjóri bar svo upp tillögur Guðrúnar, Kristínar og Benóný í heild sinni til samþykktar við 14 gr.2.mgr. eins og hún lítur út eftir sameiningu.

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári en oftast ef þurfa þykir”.

Tillagan samþykkt með meginþorra atkvæða.

Fundarstjóri kynnti næst tillögu stjórnar um 20.gr. laga og fór yfir helstu breytingar varðandi útfærslu og framkvæmd kosninga. Sagði hann jafnframt að komin væri fram breytingartillaga frá Guðmundi Guðmundssyni við 20 gr.laga.

Fundarstjóri fól Guðmundi Guðmundssyni að kynna sínar tillögur að lagabreytingum VR.

Guðmundur tillöguflytjandi tók til máls og kynnti tillöguna. Sagðist hann hafa dregið hluta af tillögunni til baka í ljósi þess að ASÍ væri að breyta sínum lögum um tímalengd í kosningum og VR myndi fylgja þeim breytingum.

**„Tillaga og greinargerð lögð fram af Guðmundi Guðmundssyni :**

**Reykjavík, 19. apríl 2010**

**VR, stéttarfélag**

**Kringlunni 7, 103 Reykjavík**

Með tilvísun í **“28.gr Lagabreytingar”** leggur undirritaður félagsmaður í VR til , að lagagrein nr. **“20.gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs”** verði breytt þannig að inn í 1 mgr. strax á eftir 1.setningu komi þessi texti: *Ef frambjóðendur eru fleiri en þrjár til formanns og enginn fær yfir 50% gilda atkvæða skal kjósa aftur á milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði hlutu. Ef atkvæði verða jöfn skal hlutkesti ráða hver þeirra frambjóðenda í öðru og þriðja sæti komist áfram í aðra umferð.*



**Virðingarfylgst,**  
Guðmundur Guðmundsson (Sign)  
Kt. 070442-2059  
félagi í VR

**Lagagrein mun þá vera þannig eftir breytingu:**

## **20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs**

*Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Ef frambjóðendur eru fleiri en þrjár til formanns og enginn fær yfir 50%gildra atkvæða skal kjósa aftur á milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði hlutu. Ef atkvæði verða jöfn skal hlutkesti ráða hver þeirra frambjóðenda í öðru og þriðja sæti komist áfram í aðra umferð.*

Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu og hálftrúnaðarráð kosið til tveggja ára. Viðhafa skal listakosningu til trúnaðarráðs. Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru eða fleiri listar skal viðhafa rafræna kosningu meðal allra félagsmanna og skal kosning standa yfir í tvær vikur. Kynningarsíða fyrir frambjóðendur skal vera til staðar á heimasíðu VR.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur og rennur út eigi síðar en tveimur vikum fyrir félagsfund fyrir lok janúar ár hvert. Félagfundur er kynningarfundur á frambjóðendum. Ekki er kosið á fundinum. Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 5 félagsmanna þarf vegna framboðs til setu í trúnaðarráði. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Fimm manna uppstillinganefnd, skipuð formanni og fjórum kosnum af trúnaðarráði og tveimur til vara, annast undirbúning kynningar á frambjóðendum. Formaður félagsins skal kalla nefndina saman í fyrsta sinn eftir að hún hefur verið kosin og skiptir hún með sér verkum á fyrsta fundi. Nefndin skal fara yfir framboðin til að kanna lögmæti þeirra og meðmælenda. Nefndin skal gefa sólarhringsfrest ef lagfæra þarf framboðin.

Uppstillinganefnd stillir upp 40 manna lista við kosningu trúnaðarráðs. Er hann sjálfkjörinn ef ekki kemur annað framboð.

Framboðsfrestur fyrir listaframboð gegn lista uppstillinganefndar skal auglýstur innan viku frá því hann kemur fram og vera a.m.k. tvær vikur. Skriflegt samþykki allra þeirra sem í kjöri eru skal liggja fyrir þegar listi er fram borinn. Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn úrskurðar um hvort einstaklingsframboð séu rétt fram borin og sér um framkvæmd kosninga".

Fundarstjóri gaf orðið laust um lagabreytingar.20.gr. í heild sinni.

Rannveig Sigurðardóttir gerir athugasemd við 20.gr. 2.mgr. og sagði að það hlyti að þurfa kjósa 37 fulltrúa í stað 40 í listakosningu. Laga þyrfti því fjölda miðað við áður samþykkt lög nr. 14. 2.mgr.

Óskar Kristjánsson tók til máls um tillögu Guðmundar Guðmundssonar og sagði að félagsmenn átti sig ekki á þeim kostnaði sem fylgdi hverri kosningu. Hver kosning væri um 20 milljónir og sagði að peningum félagsins væri betur varið í eitthvað annað uppbyggilegt. Óskaði hann eftir því að fundurinn hafni þessari tillögu

Guðmundur Ingi Kristinsson sagðist skilja tillögu nafna síns um formannskjör. Fannst honum stjórnarkosningar hafa verið furðulegar þar sem margir fóru inn á mínar síður VR og skiluðu auðu. Sagðist hann vilja fá rannsókn á þessu máli og efaðist um að heiðarleika þeirra.

Ásta Rut Jónasdóttir sagðist taka undir með Guðmundi Guðmundssyni en tók líka undir með Óskari. Þetta hafi verið mikið rætt í laganefnd og stjórn. Sagði að þetta gæti orðið erfitt í framkvæmd í tvennum allsherjarkosningum um formanninn.

Petrína Ragna Pétursdóttir sagðist efast um að 7 manns myndu sækist eftir formannskjöri eftir 2 ár eða 150 manns í trúnaðarráð. Tók undir með Guðmundi Guðmundssyni að meira atkvæðamagn á bakvið formann væri sterkara.

Guðmundur Guðmundsson tók aftur til máls og sagði að lýðræðið kosti peninga.

Fleiri tóku ekki til máls undir þessum lið.

Fundarstjóri byrjaði á breytingartillögu Guðmundar Guðmundssonar, las hana upp og bar upp til afgreiðslu. Já sögðu 34 og nei 40. Tillagan var því felld.

Fundarstjóri bar upp breytingartillögu á lið 20.2 um fjölda fulltrúa í listakosningu til samþykkar þ.e 41 í stað 40 til samræmis við fyrri lagabreytingu í 14.gr. 2.mgr.

Samþykkt með yfirgnæfandi fjölda.1 á móti

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar VR um lagabreytingar 20 gr. í heild sinni til samþykktar með umræddum breytingum:

## **”20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs**

### 20.1. Um kosningu formanns og stjórnar

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

### 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa **41** fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér. Berist ekki nægilega mörg framboð skal uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

### 20.3. Um framkvæmd kosninga.

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.

Kosning skal fara fram innan 4 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur meðal félagsmanna með frambjóðendum eigi síðar en viku fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

#### 20.4 Um kjörseðla og röðun á lista.

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrósröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrósröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrósröð".

Tillagan var samþykkt með megin þorra atkvæða. 2 atkvæði á móti.

Fundarstjóri bar upp lögina í heild sinni til samþykktar með umræddum breytingum. Samþykkt með meginþorra atkvæða. 1 á móti.

## 7. Lýst kjöri til formanns, stjórnar og trúnaðarráðs VR

### Formaður til tveggja ára 2011-2013

Stefán Einar Stefánsson

**Kosning til stjórnar- Sjö stjórnarmenn- til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.**

Ásta Rut Jónasdóttir.....Actavis hf  
 Ragnar Þór Ingólfsson.....Örninn hf  
 Eyrún Ingadóttir.....Lögmannafélags Íslands  
 Benedikt Vilhjálmsón.....Fálkinn hf  
 Pálmey Helga Gísladóttir.....  
 Birgir Már Guðmundsson... .. Sorpa bs  
 Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir ..... A4 Skrifstofa og skóli ehf

#### Þrjú varamenn í stjórn VR- til eins árs

Óskar Kristjánsson.....Vátryggingafélag Íslands hf  
 Benóný Valur Jakobsson.....Sjóklæðagerðin hf  
 Bjarni Þór Sigurðsson.....365 – miðlar ehf

**Listi VR til trúnaðarráðs kosnir til eins árs 2011-2012 er sem hér segir samtals 41 aðili.**

Nafn	Vinnustaður
Alda Særún Guðbjörnsdóttir	Rekstrarvörur ehf
Alexander Þórssón	Þ.Þórgímsson og Co ehf
Arngrímur Friðrik Pálmason	
Ágústa Harðardóttir	Johan Rönning hf
Benedikt Geirsson	Ístak hf
Berglind Rós Guðmundsdóttir	
Eðvald Geirsson	Danfoss hf
Einar Jón Mássón	Verslunarfélagið Iða ehf
Esther Judith Steinsson	Listaháskóli Íslands
Gísli Friðrik Ágústsson	Byko ehf
Guðjón Steinarsson	Gámaþjónustan hf
Guðmundur Aðalsteinsson	Banar ehf
Guðrún Rósa Gunnarsdóttir	ILVA ehf
Guðrún Þórsdóttir	Guðmundur Jónasson ehf
Hafdís Bára Bjarnadóttir	Kaupás hf
Hafdís Erla Kristinsdóttir	Icelandair ehf
Helena Björg Garðarsdóttir	Actavis hf
Helga Bryndís Jónsdóttir	Reykjavík Excursions ehf
Ingólfur Kristmundsson	Oliuverslun Íslands hf
Jóhann Óskar Þórolfsson	Byko ehf
Jóhann Pétur Jónsson	N1 hf
Kristín Gísladóttir	Bóksala stúdenta
Linda Björk Hávarðardóttir	Iceland Excursions Allrahan ehf
Magnea Jenny Guðmundardóttir	S4S ehf

Magnús Haukur Lárusson	N1 hf
Magnús Þorsteinsson	Íslandsspil sf
Margrét Eiríksdóttir	Nói-Síríus hf
Ólafur Hrafn Traustason	Þ.Þorgrímsson og Co ehf
Ólöf Snæhólm Baldursdóttir	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Óskar Guðmundsson	Samskip hf
Ragnar Borgþórsson	Hekla ehf
Sigurbjörg Jónsdóttir	
Snjólaug Einarsdóttir	Byko ehf
Steinunn Helga Óskarsdóttir	Árvakur hf
Tinna Mjöll Karlsdóttir	Actavis Group PTC ehf
Trausti Guðmundsson	HugurAx ehf
Unnur Elva Arnardóttir	Og fjarskipti ehf
Þorgerður Jóhannsdóttir	Samfylkingin
Þorvaldur Haraldsson	Bláfugl ehf
Þórður Mar Sigurðsson	Samskipti ehf

**Listi VR til trúnaðarráðs til tveggja ára 2011-2013 er sem hér segir samtals 41 aðili:**

Anna Þórðardóttir Bachmann	Parlogis ehf
Benedikt Ragnarsson	Ólíuverslun Íslands hf
Björk Bjarkadóttir	Iceland Travel ehf
Eygló Friðriksdóttir	Eskja hf
Guðmundur J Jónsson	Borgun hf
Guðrún Indriðadóttir	Cabin ehf
Guðrún Jóhannsdóttir	Vátryggingafélag Íslands hf
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir	Icepharma hf
Gunnar Böðvarsson	Höldur ehf
Gunnar Helgi Guðmundsson	Byko ehf
Halla Guðrún Jónsdóttir	Borgun hf
Halldór Halldórsson	Bókhald og Uppgjör ehf
Haukur Jónsson	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Helga Egla Björnsdóttir	Icelandair ehf
Hreinn Sigmarsson	Skyggnir ehf upplýsingaþjónusta
Inga Jóhannsdóttir	Húsasmiðjan ehf
Ingibjörg Ólafsdóttir	Vátryggingafélag Íslands hf
Ingimar Þorsteinsson	Marel Iceland ehf
Jóhann Már Sigurbjörnsson	Bændasamtök Íslands
Jón Hrafn Guðjónsson	Flügger ehf
Jón Ingi Kristjánsson	Ingvar Helgason ehf
Júlíana Pálsdóttir	Sameignarfélag Ölfusborga
María Jóna Hauksdóttir	Friðrik Skúlason ehf
Michele Rebora	7.is ehf
Ólafur Reimar Gunnarsson	Ernst & Young hf
Petrína Ragna Pétursdóttir	Kökubankinn ehf

Ragnar Engilbertsson	Penninn á Íslandi ehf
Sesselja Jónsdóttir	Klif ehf
Sigurbjörg Þorláksdóttir	Tengi ehf
Stefán Viðar Egilsson	Kortapjónustan hf
Steinþór Ásgeirsson	
Sveinbjörn F Pétursson	
Sveinbjörn Hannesson	Vátryggingafélag Íslands hf
Sæmundur Karl Jóhannesson	N1 hf
Valur Magnús Valtýsson	Barki ehf
Valva Árnadóttir	Penninn á Íslandi ehf
Þorlákur Jóhannsson	Guðmundur Arason ehf
Þorsteinn Þórólfsson	Húsasmiðjan ehf
Þórhildur Ragna Karlsdóttir	Húsasmiðjan ehf
Þröstur Valgarðsson	Samskipti ehf

**Tilnefning uppstillingarnefndar til sætis deilda VR er sem hér segir:****Fulltrúi Austurlands til setu í eitt ár 2011-2012:**

Kristín María Björnsdóttir VR, Austurlandi

**Fulltrúi Vestmannaeyja til setu í tvö ár 2011-2013:**

Guðrún Erlingsdóttir VR, Vestmannaeyjum

Þessir 82 aðilar eru því réttkjörnir skv. 20. gr. laga félagsins og hefst kjörtímabil þeirra á aðalfundi VR fyrir árið 2011.

Guðmundur B. sagði að hefð væri fyrir því að formanskipti færu fram þegar búið væri að lýsa kjöri á aðalfundi.

Stefán Einar Stefánsson nýr formaður VR tók til máls og ávarpaði fundinn.

Nýkjörinn formaður, Stefán Einar Stefánsson, gerði stöðuna í kjarasamningum að umræðuefni í ræðu sinni og gagnrýndi afstöðu Samtaka atvinnulífsins. Sem kunnugt er hefur VR vísað deilu sinni og SA til ríkissáttasemjara en ekkert hefur gengið í viðræðum undanfarna daga. Verkfall vofir yfir náist ekki samkomulag fljótlega.

Stefán Einar sagði forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins hafa gengið alltof langt og alltof lengi í því að beita fyrir sig kjarasamningum á vinnumarkaði í þeirri viðleitni sinni að hafa sitt fram hvað varðar breytta umgjörð fiskveiðilöggjafar landsins. "Þeir sem þar ráða för hafa engan siðferðislegan eða lagalegan rétt til þess að halda launafólki í landinu í gíslingu vegna þessa máls," sagði Stefán Einar.

"Allt frá hruni hefur almenningur í landinu sýnt ótrúlegt þolgæði, yfirvegum og vilja til þess að gera gott úr því sem að höndum hefur borið. Það hefur m.a. verið gert af virðingu við atvinnurekendur, laun hafa lækkað, fólki hefur verið sagt upp, dregið hefur úr yfirvinnu og þannig mætti lengi telja. Allt hefur þetta verið framlag okkar launamanna til þess að halda fyrirtækjunum og hjólum efnahagslífsins gangandi. En við getum ekki dregið þann vagn ein og sér. Það þurfa allir að leggjast á eitt. Og nú er svo komið að Samtök atvinnulífsins hafa í raun gefið það út, að þau ætlast til þess að við höldum púlinu áfram en að þau geti haldið að sér höndum þar til öllum þeirra kröfum hefur verið fullnægt gagnvart hinu opinbera. Við það verður ekki unað." Sagði Stefán Einar.



### 8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu

Aðalfundur VR, haldinn að Hilton Hótel Nordica, miðvikudaginn 27. apríl 2011, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust um þessa tillögu en enginn tók til máls. Hann bar síðan upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

### 9. Ákvörðun um félagsgjald

Aðalfundur VR, haldinn að Hilton Hótel Nordica, miðvikudaginn 27. apríl 2011, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Óbreytt frá fyrra ári.

Orðið var gefið laust um þessa tillögu en enginn tók til máls og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 10. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

#### Tillaga launanefndar VR um laun stjórnarmanna árið 2011 – 2012:

Aðalfundur VR, Haldinn að Hilton Hótel Nordica, miðvikudaginn 27. apríl 2011, samþykkir að laun fyrir setu í stjórn VR skuli vera 37.400 kr. á mánuði fyrir yfirstandandi starfsár. Varamenn skulu fá 18.7000 kr. fyrir hvern setinn fund.

Auk þess er heimilt að greiða stjórnarmönnum launatap, sem þeir kunna að verða fyrir vegna starfa fyrir félagið, eins og tíðkast hefur fyrir setu á ársfundum ASÍ og LÍV þingum.

Orðið var gefið laust

Bjarni Þór Sigurðsson lagði fram breytingartillögu, studda af 12 stjórnarmönnum um laun stjórnarmanna og kynnti hana fyrir fundinn í eftirfarandi greinargerð:

*„Stjórnarfundir eru að meðaltali 11-12 á ári. Sem dæmi voru stjórnarfundir árið 2009 25 talsins og 2010 voru þeir 19. Aðrir fundir svo sem vegna lagabreytinga og vegna verklagsreglna stjórnar voru um 8 talsins.*

*Stjórnarmenn sitja í nefndum og ráðum svo sem miðstjórn ASÍ og Lv, sjúkrasjóði, orlofsnefnd, laganefnd svo eitthvað sé nefnt.*

*Í ljósi þess að engar hækkanir hafa orðið á stjórnarlaunum frá árinu 2007 leggjum við fram eftirfarandi tillögu til samþykktar:*

- 1. Regluleg laun stjórnarmanna/varamanna verði hækkuð úr kr. 34.000,- á mánuði í kr. 38.400,-*
- 2. Stjórnarmaður/varamaður fái greiddar kr. 10.000,- fyrir hvern stjórnarfund umfram tólf á milli aðalfunda“.*

Óskar Kristjánsson (Sign)  
Bjarni Þór Sigurðsson (Sign)  
Jóhanna Rúnarsdóttir (Sign)  
Guðrún Helga Tómasdóttir (Sign)  
Pálmey Gísladóttir (Sign)  
Jón Magnússon (Sign)  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (Sign)  
Hildur Mósesdóttir (Sign)  
Ásta Rut Jónasdóttir (Sign)  
Eyrún Ingaadóttir (Sign)  
Benóný Valur Jakobsson (Sign)  
Birgir Már Guðmundsson (Sign)

Orðið var gefið laust um laun stjórnar en enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar upp breytingartillögu Bjarna Þórs fyrir fundinn um hækkun á launum stjórnarmanna og varamanna.

„Regluleg laun stjórnarmanna/varamanna verði hækkuð úr kr. 34.000,- á mánuði í kr. 38.400,- Stjórnarmaður/varamaður fái greiddar kr. 10.000,- fyrir hvern stjórnarfund umfram tólf á milli aðalfunda”.

Tillagan var samþykkt. Já sögðu 33 og nei sögðu 25.

## 11. Önnur mál

Ásta Rut Jónasdóttir tók til máls og vildi þakka Kristni, fráfarandi formanni fyrir samstarfið og óskaði honum velfarnaðar í því sem hann myndi taka sér fyrir hendur í framtíðinni. Óskaði hún jafnframt nýjum formanni til hamingju með embættið og sagði að verkefnið væru mörg og ærin. Sagðist hún jafnframt vonast eftir góðu samstarfi við formann og stjórn.

Viktor Elvar Viktorsson starfsmaður VR og tók til máls um kosningar VR. Vildi leiðrétta misskilning hjá Guðmundi Inga Kristinssyni og fleirum um að 1000 manns hefðu ekki tekið afstöðu og skilað auðu í nýafstöðnum kosningum. Sagði að allir þessir aðilar hefðu kosið en hafi ekki tekið afstöðu til stjórnar en kusu til formanns.

Guðmundur Ingi Kristinsson sagði frá atburði sem hann hafði vitneskju um varðandi kosningafyrirkomulagið. Efaðist enn um að rétt hefði verið staðið að rafrænum kosningum. Tók aftur til máls um erlendan kostnað Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna. Fór einnig inná launakröfur í samningum og lýsti sinni skoðun á þeim málum. Sagði að það væri ábyrgðarleysi hjá verkalyðshreyfingunni að verið væri að semja til 3 ára um laun sem ekki væri hægt að lifa af.

Rannveig Sigurðardóttir vildi þakka Helgu fyrir greinargóða og faglega kynningu á ársreikningum félagsins. Þakkaði jafnframt stuðningsaðilum sínum sem kusu hana í formannsslagi í síðustu kosningum. Upplýsti hún fundarmenn um að hún væri að klára fyrir hönd félagsins aðkomu sína í slysa- og veikindarétti í kjarasamningum. Þakkaði hún samstarfsmannönnum sínum í stjórn á liðnum árum samstarfið. Einnig óskaði hún nýkjörnum formanni og stjórnarmönnum til hamingju og óskaði þeim góðs gengis á komandi starfsári.

Petrína Ragna Pétursdóttir óskaði Stefáni til hamingju með formannskjörið. Sagði að hún væri á móti prósentuhækkunum í kjarasamningum og að mesti ávinningurinn væri fólgin í breytingu á skattleysismörkum.

Eyrún Ingadóttir óskaði Stefáni til hamingju með formannskjörið og sagðist hafa trú á honum. Lýsti áhyggjum sínum af framgangi mála í kjaraviðræðum. Sagðist ekki hafa trú á að samstaða væri innan SA um eigin hagsmuni innan samtakanna og ef mörg fyrirtæki myndu sjá fram á verkföll gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið. Sagðist hún hafa trú á ASÍ og nýjum formanni til að takast á við þessa samninga.

Stefanía Magnúsdóttir óskaði Stefáni til hamingju með að vera kominn til starfa. Sagði frá því að hún hefði unnið með Stefáni í samninganefnd ASÍ og viðræðunefndum félaganna í kjarasamningsviðræðum frá því að kjöri var lýst. Fór Stefanía aðeins yfir þróun- og stöðu viðræðna síðustu vikna við atvinnurekendur. Árangur af yfir 200 klukkustundum við samningaborðið hefði engu skilað en nú væri mælirinn fullur og því hefði deilunni verið vísað til Ríkissáttarsemjara. Sagði að eins og staðan væri í dag væri ekkert annað í stöðunni en að sækja um verkfallsrétt til félagsmanna en það væri mjög alvarleg staða fyrir hreyfinguna en ekki hefur verið farið í verkfall síðan 1988. Stefanía svaraði einnig Guðmundi Inga varðandi umræðu hans um lágmarksviðmið og skattleysismörkin. Sagði að skattleysismörk yrði að semja um við ríkisstjórnina en ekki Samtök atvinnulífsins sem er samningsaðili VR. Að lokum óskaði hún öllum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi.



Guðrún Indriðadóttir óskaði Stefáni til hamingju með formannsembættið og treystir á að honum takist á að lægja öldur innan félagsins. Sagðist vera tilbúin að fara í verkfall ef þörf væri á og að útvegsmenn yrðu að trúa því að félagsmenn væru tilbúnir til að taka slaginn. Vill sína hnefann.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og óskaði nýkjörnum formanni og stjórn til hamingju og vonaði að þeim farnist vel í sínum störfum.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl:22:36

Fundargerð ritaði Jóhanna S. Rúnarsdóttir.